

# Meðferð með ialuril

Efnið ialuril er notað við millivefjablöðrubólgu, endurteknum þvagfærasýkingum, ofvirkri þvagblöðru og krónískri bólgu í þvagblöðru eftir geislameðferð og lyfjameðferð. Það inniheldur þrjú efni sem mynda verndandi lag í þvagblöðrunni og geta endurnýjað skemmdir í þekjuvef hennar.

## Staður og tími

Efnið er gefið í sex skipti á göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut.

- Fyrstu fjögur skiptin er efnið gefið vikulega.
- Síðustu tvö skiptin er efnið gefið með tveggja vikna millibili.
- Ef meðferðin ber árangur er oft gefin viðhaldsskammtur einu sinni í mánuði í sex mánuði.

## Framkvæmd

Fyrir meðferð þarf sjúklingur að leysa út ialuril í apóteki Landspítala og hafa það með sér á 11A.

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir meðferðina en einnig er hægt að gefa sér lyfið sjálfur og fá til þess kennslu og stuðning. Þvagrásarop er þvegið með saltvatni og þvaglegg komið fyrir í þvagblöðrunni. Síðan er efninu (50 ml af vökva) sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Til að efnið virki sem best þarf það að vera í þvagblöðrunni að minnsta kosti í 30 mínútur og því mikilvægt að halda í sér þvagi þann tíma.

## Aukaverkanir

Engar þekktar aukaverkanir eru af gjöf ialuril. Frekari upplýsingar um efnið er að finna á fylgiseðli ialuril.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina og lyfið. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan dagvinnutíma má leita á bráðamóttöku í Fossvogi ef upp koma vandamál.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.